

Akta sjóðir hf.

PERSÓNUVERNDARSTEFNA

STARFSMENN

1. Tilgangur

Akta sjóðum hf. („**Akta**“) er annt um öryggi og trúnað persónuupplýsinga þinna.

Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að skýra hvernig við öflum og notum persónuupplýsingar þínar í tengslum við starf þitt. Við kunnum að geyma persónuupplýsingar um þig á meðan starfi stendur sem og eftir að þú hefur lokið störfum.

Stefna þessi gildir um alla starfsmenn og vertaka Akta.

- 1.1. Akta telst vera „ábyrgðaraðili“ í skilningi persónuverndarlaga. Það þýðir að við berum ábyrgð á því hvernig persónuupplýsingar þínar eru geymdar og notaðar. Okkur er skylt samkvæmt persónuverndarlögum að gera þér grein fyrir þeim upplýsingum sem fram koma í persónuverndarstefnunni.
- 1.2. Persónuverndarstefnan gildir um núverandi og fyrrverandi starfsmenn og verktaka fyrirtækisins. Við kunnum að uppfæra efni persónuverndarstefnunnar hvenær sem er og munum við þá birta uppfærða útgáfu af persónuverndarstefnunni á innri vef, innan eðlilegs frests.
- 1.3. Það er mikilvægt að þú lesir og gerir þér grein fyrir efni persónuverndarstefnunnar og annarra persónuverndarstefna eða skilmála sem við kunnum að útbúa vegna sérstakrar öflunar eða vinnslu persónuupplýsinga þinna, þannig að þér sé ljóst hvernig og hvers vegna við notum upplýsingarnar og hver réttindi þín eru samkvæmt persónuverndarlögum.

2. Meginreglur persónuverndar

Við fylgjum persónuverndarlögum. Þar segir að þær persónuupplýsingar, sem við vinnum um þig, skuli vera:

1. Unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti.
2. Fengnar í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefnalegum tilgangi sem við höfum kynnt þér með skýrum hætti og skulu ekki notaðar í neinum öðrum tilgangi sem er ósamrýmanlegur upphaflegum tilgangi.
3. Nægilegar, viðeigandi og takmarkast við það sem nauðsynlegt er miðað við þann tilgang sem við höfum kynnt þér.

4. Áreiðanlegar og uppfærðar.
5. Ekki varðveittar lengur en þörf er á miðað við þann tilgang sem við höfum kynnt þér.
6. Varðveittar með öruggum hætti.

3. Upplýsingar sem við geymum um þig

Persónuupplýsingar eru hvers konar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Nafnlausar upplýsingar, þ.e. þegar auðkenni einstaklings hefur verið afnumið, teljast ekki til persónuupplýsinga.

Sumar upplýsingar eru viðkvæmari í eðli sínu og þurfa þar af leiðandi meiri vernd. Dæmi um viðkvæmar persónuupplýsingar eru upplýsingar um heilsu einstaklinga.

3.1. Við öflum, varðveitum og notum eftirfarandi flokka persónuupplýsinga um þig:

- Samskiptaupplýsingar, t.d. nafn, heimilisfang, símanúmer, netföng.
- Fæðingardagur.
- Kyn.
- Hjúskaparstaða og fjölskylduaðstæður.
- Nánustu ættingjar og tengiliðir sem við getum haft samband við í neyðartilvikum.
- Kennitala.
- Banka-, launa- og skattaupplýsingar.
- Laun, leyfi frá vinnu, hlunnindi og lífeyrisupplýsingar.
- Upphafsdagur ráðningar.
- Síðasti dagur ráðningar og ástæða starfsloka.
- Afrit af ökuskírteini eða öðrum persónuskilríkjum.
- Umsóknargögn (þ.m.t. afrit af starfsleyfi, prófskírteini, meðmælum eða aðrar upplýsingar sem hafa verið afhentar sem hluti af ráðningarferli, t.d. ferilskrá eða kynningarbréf).

- Skrár með starfsmannupplýsingum (þ.m.t. starfstíll, starfssaga, unnir tímar, tekið orlof og upplýsingar um þjálfun).
- Upplýsingar um frammistöðu.
- Upplýsingar um kvartanir og beitingu agaviðurlaga.
- Upptökur úr eftirlitsmyndavélum og aðrar rafrænar upplýsingar, t.d. upplýsingar um notkun aðgangskorta.
- Ljósmyndir.
- Tölvupósts- og netnotkun.

3.2. Við kunnum einnig að afla, varðveita og nota eftirfarandi tegundir viðkvæmra persónuupplýsinga:

- Upplýsingar um kynþátt, þjóðernislegan uppruna, stjórnmálaskoðanir, trúarbrögð og kynhneigð.
- Aðild að stéttarfélagi.
- Heilsufarsupplýsingar, þ.m.t. heilsufarsástand, heilsufars- og sjúkraskrá, m.a.:
 - upplýsingar sem notaðar eru til að meta hvort heimild sé fyrir því að leysa þig frá störfum á grundvelli slæmrar heilsu, meiðsla eða örorku, eða hvort þú eigir rétt á sérstökum greiðslum í slíkum tilvikum; og
 - upplýsingar um hverskonar fjarvistir (að frátöldu orlofi) frá vinnu, þ.m.t. fæðingarorlof eða veikindaleyfi.

4. Hvernig er persónuupplýsingunum þínum safnað?

- 4.1. Við söfnum persónuupplýsingum um starfsmenn okkar og verktaka í gegnum umsóknar- og ráðningarferli. Upplýsingarnar fáum við ýmist beint frá umsækjendum eða frá ráðningarstofum. Við kunnum að safna umfram upplýsingum frá þriðja aðila, þ.m.t. fyrrum vinnuveitenda, lánshæfnismatsfyrirtækjum eða öðrum bakgrunnsskoðunarfyrirtækjum.
- 4.2. Við kunnum einnig að afla persónuupplýsinga frá lífeyrissjóðum og stéttarfélögum.
- 4.3. Við munum afla frekari persónuupplýsinga á starfstíma þínum hjá fyrirtækinu í tengslum við störf þín.

5. Hvernig við notum persónuupplýsingar þínar

Við munum aðeins nota persónuupplýsingar þínar þegar lög heimila. Við munum aðallega nota persónuupplýsingar þínar við eftirfarandi aðstæður:

1. Þegar við þurfum að efna samning sem þú ert aðili að, þ.m.t. ráðningarsamning.
2. Til þess að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á okkur.
3. Þegar slíkt er nauðsynlegt vegna lögmætra hagsmuna okkar (eða þriðja aðila) og hagsmunir eða grundvallarréttindi og frelsi þitt sem krefst verndar persónuupplýsinga vegur ekki þyngra.

Við kunnum einnig að nota persónuupplýsingar þínar í eftirfarandi aðstæðum, sem er þó ólíklegt:

1. Þegar þörf er á að vernda hagsmuni þína (eða þriðja aðila).
2. Þegar slíkt er nauðsynlegt í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds.

6. Hvenær við munum nota persónuupplýsingar þínar

- 6.1. Við vinnum ofangreindar persónuupplýsingar aðallega til að efna samning okkar við þig og til þess að fullnægja lagaskyldum sem á okkur hvíla. Í ákveðnum tilvikum kunnum við að nota persónuupplýsingar þínar í þágu lögmætra hagsmuna okkar (eða þriðja aðila), að því gefnu að hagsmunir þínir eða grundvallarréttindi og frelsi vegi ekki þyngra. Í eftirfarandi tilvikum kunna persónuupplýsingar þínar að vera unnar:

- Ákvörðun um ráðningu eða skipun.
- Ákvörðun starfskjara.
- Greiðsla launa og þegar okkur ber að draga frá staðgreiðslu opinberra gjalda og skila í ríkissjóðs.
- Úthlutun hlunninda.
- Boð á viðburði á vegum fyrirtækisins.
- Skráning og greiðsla í lífeyrissjóði.
- Efndir á samningi okkar við þig.
- Stjórnun og skipulagning fyrirtækisins, þ.m.t. reikningshald og endurskoðun.

- Gerð frammistöðumats, stjórnunarmats og ákvörðun frammistöðu krafna.
- Ákvörðun launaviðtala og launa.
- Ákvörðun um hæfnisskilyrði fyrir stöður eða einstök verkefni, þ.m.t. ákvarðanir um stöðuhækkanir.
- Öflun sönnunargagna fyrir mögulega beitingu agaviðurlaga.
- Ákvörðun um áframhaldandi ráðningu.
- Ákvörðun um tilhögun lok ráðningarsambands.
- Menntunar-, þjálfunar- og þróunarkröfur.
- Úrlausn deilumála varðandi þig, aðra starfsmenn eða verktaka, þ.m.t. vegna slysa í starfi.
- Mat á hæfni þinni til starfs.
- Skráning veikindaleyfa.
- Framfylgd á kröfum um öryggi, aðbúnað og hollustuhætti.
- Varnir gegn svikum.
- Eftirlit með notkun þinni á upplýsinga- og fjarskiptakerfum til að tryggja fylgni við upplýsingatæknistefnu okkar.
- Kerfis- og upplýsingaöryggi, þ.m.t. til að koma í veg fyrir óheimilaðan aðgang að tölvum og fjarskiptakerfum okkar og koma í veg fyrir dreifingu spilliforrita.
- Gagnagreining sem gerir okkur kleift að skilja hvers vegna starfsmenn haldast í starfi og af hverju þeir hætta í starfi.
- Eftirlit með því að allir fái jöfn tækifæri, þ.m.t. á grundvelli laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

6.2. Ofangreindir vinnsluþættir kunna að skarast og fleiri en ein vinnsluheimild kann að réttlæta vinnsluna.

7. Ef þú vanrækir að láta okkur í té persónuupplýsingar

7.1. Ef þú vanrækir að láta okkur í té tiltekna persónuupplýsingar sem óskað er eftir, getur það leitt til þess að við getum ekki efnt samning okkar við þig (t.d. greitt þér laun eða

önnur hlunnindi), eða við getum ekki fullnægt lagaskyldu sem hvílir á okkur (t.d. að tryggja öryggi og heilbrigði starfsmanna okkar).

8. Breyting á tilgangi vinnslu

- 8.1. Við munum aðeins nota persónuupplýsingar í þeim tilgangi sem þeim var aflað, nema við teljum að okkur sé nauðsynlegt að nota upplýsingarnar í öðrum samrýmanlegum tilgangi. Við munum tilkynna þér ef við þurfum að nota persónuupplýsingar þínar í ótengdum tilgangi ásamt því að gera þér grein fyrir þeim lagagrundvelli sem vinnslan byggir á.
- 8.2. Sé þess krafist eða ef það er heimilað í lögum, þá kunnum við að vinna persónuupplýsingar þínar án þinnar vitneskju eða samþykkis í samræmi við ofangreindar reglur.

9. Hvernig við vinnum viðkvæmar persónuupplýsingar

Viðkvæmar persónuupplýsingar þarfnast aukinnar verndar. Við þurfum þ.a.l. að hafa ríkari ástæður sem réttlæta öflun, varðveislu og notkun viðkvæmra persónuupplýsinga. Við höfum gert þær verndarráðstafanir (t.d. með gerð persónuverndarstefnu) sem persónuverndarlög krefjast við vinnslu slíkra upplýsinga. Við kunnum að vinna viðkvæmar persónuupplýsingar í eftirfarandi tilvikum:

1. Í undantekningartilvikum, með afdráttarlausu skriflegu samþykki þínu.
2. Þegar við þurfum að standa við lagalegar skuldbindingar okkar eða nýta tiltekin réttindi samkvæmt vinnulöggjöf.
3. Þegar það er nauðsynlegt af ástæðum er varða almannahagsmuni og fyrir þeim er sérstök lagaheimild.

Í einstaka tilvikum, kunnum við að vinna viðkvæmar persónuupplýsingar þegar það er nauðsynlegt til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur eða þegar það er nauðsynlegt til að verja hagsmuni þína (eða þriðja aðila) og þú ert ófær um að gefa samþykki þitt, eða þegar þú hefur þegar gert upplýsingarnar opinberar almenningi.

10. Skyldur okkar sem vinnuveitandi

Við munum nota viðkvæmar persónuupplýsingar þínar á eftirfarandi hátt:

- Við munum skrá hvenær þú tekur leyfi frá vinnu í samræmi við vinnuréttarlöggjöf. Slíkar upplýsingar kunna að innihalda upplýsingar um veikindaleyfi eða leyfi vegna málefna er varða fjölskyldu þína.
- Við munum nota upplýsingar um líkamlega eða andlega heilsu þína, eða örorkuupplýsingar, til að gæta að heilbrigði og öryggi þínu á vinnustaðnum og til að meta getu þína til starfs, til að aðlaga vinnustaðinn svo hann henti þínum þörfum, til

að fylgjast með og skrá veikindaleyfi og til að útvega hlunnindi, þ.m.t. lögbundnar greiðslur í fæðingarorlofi, greiðslur í veikindaleyfi og möguleg eftirlaun.

- Við munum nota upplýsingar um kyn þitt til að meta hvort til staðar séu jöfn tækifæri innan fyrirtækisins, þ.m.t. við framfylgd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
- Við munum nota upplýsingar um stéttarfélagsaðild til að greiða iðgjöld til viðeigandi stéttarfélags og fylgja öðrum kröfum vinnuréttarlöggjafar.

11. Þurfum við samþykki þitt?

Þegar við vinnum persónuupplýsingar þínar til að standa við lagaskuldbindingar okkar eða til að nýta tiltekin réttindi á sviði vinnuréttar og upplýsingarnar eru unnar í samræmi við persónuverndarstefnuna er ekki þörf á samþykki þínu. Í takmarkatilvikum kunnum við að óska eftir skriflegu samþykki þínu til að heimila vinnslu tiltekinna viðkvæmra upplýsinga. Við slíkar aðstæður munum við gera þér fulla grein fyrir því hvaða upplýsinga við þörfnumst og af hverju, svo þú getir tekið meðvitaða ákvörðun um veitingu samþykkis. Þér ber engin skylda til að veita samþykki og ráðningarsamningur þinn krefst þess ekki að þú veitir okkur slíkt samþykki.

12. Upplýsingar sem varða sakfellingu í refsímálum

Okkur er aðeins heimilt að nota upplýsingar sem varða sakfellingar í refsímálum þegar lög heimila slíka notkun. Þetta á yfirleitt aðeins við þegar slík notkun er nauðsynleg til að standa við skuldbindingar okkar að því gefnu að notkunin sé í samræmi við persónuverndarstefnuna. Í einstaka tilvikum kunnum við að nota upplýsingar sem varða sakfellingu í refsímálum þegar slíkt er nauðsynlegt í tengslum við réttarkröfur, þegar það er nauðsynlegt til að vernda hagsmuni þína (eða þriðja aðila) og þú getur ekki gefið samþykki þitt, eða þegar þú hefur þegar gert upplýsingarnar opinberar.

Við munum aðeins safna upplýsingum sem varða sakfellingar í refsímálum ef við höfum lagaheimild til og það er viðeigandi vegna eðli stöðu þinnar. Þegar það er viðeigandi, munum við safna upplýsingum sem varða sakfellingar í refsímálum eða ef þú lætur okkur í té slíkar upplýsingar á meðan þú sinnir störfum þínum hjá fyrirtækinu.

13. Miðlun upplýsinga

Við kunnum að miðla persónuupplýsingum þínum til þriðja aðila, þ.m.t. til þjónustuveitenda og annara fyrirtækja í samstæðunni.

Við krefjumst þess að þriðju aðilar virði öryggi persónuupplýsinga þinna og meðhöndli þær í samræmi við persónuverndarlög.

Við kunnum einnig að miðla upplýsingum þínum út fyrir EES.

Ef svo kann að vera, getur þú búist við því að viðtakandi upplýsinganna viðhafi sambærilega vernd.

Hvers vegna kunnum við að miðla persónuupplýsingum þínum til þriðja aðila?

Við munum miðla persónuupplýsingum þínum til þriðja aðila þegar svo er skylt samkvæmt lögum, þegar það er nauðsynlegt til að efna ráðningarsamning þinn eða þegar við höfum aðra lögmæta hagsmuni til miðlunarinnar.

Hvaða þriðju aðilar munu vinna persónuupplýsingar þínar?

„Þriðju aðilar“ eru m.a. þjónustuveitendur (þ.m.t. verktakar og tilnefndir umboðsmenn) og önnur fyrirtæki í félagasamstæðunni.

Við miðlum persónuupplýsingum þínum til lífeyrissjóða í tengslum við lögbundnar greiðslur í lífeyrissjóði. Þá kunnum við að miðla persónuupplýsingum til þjónustuveitenda okkar í tengslum við daglegan rekstur, upplýsingatækniþjónustu og hýsingu gagna t.d. með notkun skýjalausna. Þá eru þjónustuveitendur okkar ávallt vottuð alþjóðleg upplýsingatæknifyrirtæki.

Hversu öruggar eru persónuupplýsingar þínar hjá þjónustuveitendum og öðrum fyrirtækjum í samstæðunni?

Öllum þjónustuveitendum okkar og öðrum fyrirtækjum í félagasamstæðunni er skylt að gera viðeigandi verndarráðstafanir til að stuðla að persónuvernd í samræmi við persónuverndarstefnu okkar. Þjónustuaðilum okkar er óheimilt að nota persónuupplýsingar þínar í eigin þágu. Þeim er aðeins heimilt að vinna persónuupplýsingar þínar í sérstaklega tilgreindum tilgangi og aðeins í samræmi við leiðbeiningar okkar.

Hvenær kann fyrirtækið að miðla persónuupplýsingum þínum til annara fyrirtækja í samstæðunni?

Við munum deila persónuupplýsingum þínum til annara félaga í félagasamstæðunni við launagreiðslur, skýrslugerð um frammistöðu fyrirtækisins, endurskipulagningu fyrirtækis, uppfærslu tölvukerfa, við hýsingu gagna og við almennan daglegan rekstur samstæðunnar eftir því sem við á.

Miðlun til annara þriðju aðila

Við kunnum að miðla persónuupplýsingum þínum til annarra þriðju aðila, t.d. í sambandi við sölu eða endurskipulagningu fyrirtækisins. Í slíkum tilvikum munum við, eins og mögulegt er, miðla nafnlausum upplýsingum til þriðju aðila áður en viðskiptin ganga í gegn. Þegar viðskiptin ganga í gegn, munum við miðla persónuupplýsingum þínum til þriðja aðilans ef og aðeins upp að því marki sem undirliggjandi samningur krefst.

Við kunnum einnig að þurfa miðla upplýsingum þínum til eftirlitsstofnanna eða til þess að fullnægja lagaskyldu sem á okkur hvílir. Hér undir kann að falla miðlun upplýsinga til skattayfirvalda vegna staðgreiðslu, til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna sölu á hlutabréfum og til hluthafa.

14. Upplýsingaöryggi

Við höfum gert ráðstafanir sem stuðla að öryggi persónuupplýsinga þinna. Frekari upplýsingar um slíkar ráðstafanir má nálgast með því að hafa samband við okkur.

Þriðju aðilar munu aðeins vinna persónuupplýsingar þínar eftir okkar leiðbeiningum og aðeins þegar þeir hafa samþykkt að meðhöndla upplýsingarnar sem trúnaðarmál og gæta að öryggi þeirra.

- 14.1. Við höfum gert viðeigandi öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir að persónuupplýsingarnar þínar glatist fyrir slysi, séu notaðar eða gerðar aðgengilegar í óleyfi, breytt eða miðlað. Til viðbótar, takmörkum við aðgengi að persónuupplýsingum þínum svo aðeins þeir starfsmenn, umboðsmenn, verktakar og þriðju aðilar sem hafa tilefni til, hafa aðgang að upplýsingunum. Þeir munu aðeins vinna persónuupplýsingarnar eftir okkar leiðbeiningum og eru bundnir trúnaði.
- 14.2. Við höfum gert ráðstafanir til að meðhöndla hvers konar öryggisbrot og munum tilkynna þér og viðeigandi eftirlitsstofnunum um allan grun á öryggisbrotum þegar okkur ber lagaskylda til.

15. Geymsla persónuupplýsinga

- 15.1. Við geymum persónuupplýsingar eins lengi og þörf er á miðað við tilganginn með vinnslu upplýsinganna, þ.m.t. til að fylgja laga-, bókhalds- eða reikningsskilakröfum. Við mat á viðeigandi geymslutíma persónuupplýsinga, þá er horft til magns, eðlis og viðkvæmni persónuupplýsinganna, mögulegrar hættu á óheimilli notkun eða miðlunar persónuupplýsinganna, tilgangs vinnslunnar og hvort við getum náð tilganginum með öðrum vægari úrræðum, ásamt viðeigandi lagakrafna. Þannig ber okkur skylda að varðveita bókhaldsupplýsingar í 7 ár í samræmi við ákvæði laga um bókhald. Þá munu allar persónuupplýsingar sem safnað er vegna rafrænnar vöktunar vera geymdar í hámarki 90 daga í samræmi við reglur nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun.
- 15.2. Við kunnum að gera persónuupplýsingar þínar nafnlausar svo þær séu ekki lengur persónugreinanlegar. Í slíkum tilvikum er okkur heimilt að nota upplýsingarnar án frekari tilkynninga. Um leið og þú hættir störfum hjá fyrirtækinu eða ert ekki lengur verktaki þess, þá munum við varðveita og með öruggum hætti eyða persónuupplýsingum þínum í samræmi við viðeigandi lög og reglur.

16. Skylda til að tilkynna breytingar

Það er mikilvægt að þær persónuupplýsingar sem við geymum um þig séu áreiðanlegar og uppfærðar. Vinsamlegast hafðu samband við okkur ef persónuupplýsingar þínar breytast á meðan ráðningarsambandinu stendur.

17. Réttindi þín

17.1. Í ákveðnum tilvikum, átt þú rétt á að:

- a) **Óska eftir aðgangi** að persónuupplýsingunum þínum. Þú átt rétt á að fá afrit af þeim persónuupplýsingum sem við geymum um þig og staðfesta lögmæti vinnslunnar.
- b) **Óska eftir leiðréttingu** þeirra persónuupplýsinga sem við geymum um þig. Þú átt rétt á að leiðrétta óáreiðanlegar og rangar persónuupplýsingar sem við kunnum að geyma.
- c) **Óska eftir eyðingu** persónuupplýsinga þinna. Þú átt rétt á að óska eftir því að við eyðum eða fjarlægjum persónuupplýsingar þegar ekki er ástæða til áframhaldandi vinnslu. Þér er einnig heimilt að óska eftir því að við eyðum eða fjarlægjum persónuupplýsingar þínar eftir að þú hefur mótmælt vinnslu þeirra (sjá hér að neðan).
- d) **Mótmæla** vinnslu persónuupplýsinga þinna þegar við höfum réttlætt vinnsluna á grundvelli lögmætra hagsmuna okkar (eða þriðju aðila) og þú hefur ástæðu til að mótmæla áframhaldandi vinnslu á þessum grundvelli. Þér er einnig heimilt að mótmæla vinnslu í þágu beinnar markaðssetningar.
- e) **Óska eftir takmörkun á vinnslu** persónuupplýsinga þinna. Þú átt rétt á að óska eftir því að við hættum vinnslu persónuupplýsinga þinna, t.d. á meðan að við staðfestum áreiðanleika upplýsinganna.
- f) **Óska eftir miðlun** á persónuupplýsingum þínum til annars aðila.

17.2. Ef þú vilt skoða, staðfesta, leiðrétta eða óska eftir eyðingu persónuupplýsinga þinna, mótmæla vinnslu þeirra, eða óska eftir að við miðlum afriti af þeim til annars aðila, vinsamlegast hafðu samband við okkur í netfang personuvernd@akta.is.

18. Hvers við kunnum að krefjast af þér

Við beitingu réttinda þinna kunnum við að óska eftir tilteknum upplýsingum til að staðreyna auðkenni þitt og staðfesta rétt þinn. Þetta er öryggisráðstöfun sem gerir okkur kleift að gæta þess að persónuupplýsingum sé ekki miðlað til óviðkomandi aðila.

19. Samskipti

Ef þú hefur einhverjar spurningar um persónuverndarstefnu þessa eða hvernig við meðhöndlum persónuupplýsingar þínar skaltu vinsamlegast hafa samband við okkur. Þú átt rétt á að kvarta, hvenær sem er, til Persónuverndar sem annast eftirlit með framkvæmd persónuverndarlaga og reglna sem settar er samkvæmt þeim.

Vinsamlegast beinið fyrirsurnum á netfangið: personuvernd@akta.is.

20. Breytingar á persónuverndarstefnunni

Við áskiljum okkur rétt til að uppfæra persónuverndarstefnu þessa hvenær sem er og munum við útvega þér uppfærða útgáfu þegar við gerum efnislegar breytingar á stefnunni. Við kunnum einnig að tilkynna þér með öðrum leiðum verði einhverjar breytingar á vinnslu persónuupplýsinga þinna.

Ef þú hefur einhverjar spurningar um persónuverndarstefnu þessa, vinsamlegast hafðu samband við okkur.

Samþykkt af stjórn Akta sjóða hf. 17. desember 2025